

27. apríl 2016

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á fyrsta ársfjórðungi 2016:

Hækkun launakostnaðar og hagræðingaraðgerðir á fyrsta fjórðungi

Árshlutareikningur Fjarskipta hf. fyrir fyrsta ársfjórðung 2016 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 27. apríl 2016.

- Tekjaukning 1% frá fyrsta ársfjórðungi 2015
- Framlegðaraukning 2% miðað við sama tímabil 2015
- EBITDA hagnaður nam 668m. kr. lækkun um 7% milli ára
- EBITDA hlutfall 20,3% og EBIT hlutfall 9,8% á fjórðungnum
- Hagnaður tímabilsins nam 198 m.kr., sem er 16% lækkun frá fyrsta ársfjórðungi 2015
- Eiginfjárlutfall nam 42,6%
- Handbært fé frá rekstri 573 m.kr., 6% hærra en á sama tímabili 2015
- Haggræðingaraðgerðir sem gripið hefur til eiga að skila um 80 -100 m.kr. lækkun kostnaðar á árinu

Lykiltöluyfirlit:

| | 1F 2016 | 1F 2015 | Breyt. | % breyt. |
|--------------------------|--------------|--------------|--------|----------|
| Seldar vörur og þjónusta | 3.295 | 3.251 | 44 | 1% |
| Kostnaðarverð | (1.754) | (1.740) | 14 | 1% |
| Framlegð | 1.541 | 1.511 | 30 | 2% |
| Rekstrarkostnaður | (1.217) | (1.116) | 101 | 9% |
| EBITDA | 668 | 719 | -51 | -7% |
| EBIT | 324 | 395 | -71 | -18% |
| Hrein fjármagnsgjöld | (77) | (97) | -20 | -21% |
| Hagnaður tímabilsins | 198 | 236 | -38 | -16% |
| <hr/> | | | | |
| <i>Framlegð (%)</i> | <i>46,8%</i> | <i>46,5%</i> | | |
| <i>EBITDA %</i> | <i>20,3%</i> | <i>22,1%</i> | | |
| <i>EBIT %</i> | <i>9,8%</i> | <i>12,2%</i> | | |


Stefán Sigurðsson, forstjóri:

„Uppgjör Fjarskipta á fyrsta ársfjórðungi 2016 var í takt við væntingar þar sem hækkun launakostnaðar í tengslum við kjarasamninga og einskiptisliðir í tengslum við hagræðingaraðgerðir hafa talsverð áhrif. Ennfremur hafa verðlækkanir í Færeyjum áhrif til lækkunar tekna eins og gert hefur frá þriðja fjórðungi. Eru tekjur í Færeyjum 14% lægri milli ára meðan þær eru 3,7% hærrí á Íslandi á sama fjórðungi árið 2015.

Brugðist var við hækkun kostnaðar með hagræðingaraðgerðum á fjórðungnum. Frá því í desember hafa hagræðingaraðgerðir skilað fækkun um 25 stöðugildi en hluti þeirra aðgerða leiddi til bóknar einskiptiskostnaðar á fyrsta fjórðungi. Þáttur í þessum aðgerðum hefur verið einföldun skipulags sem skilar sér meðal annars í því að fjórar deildir voru sameinaðar öðrum deildum. Sérstakt markmið hefur verið að draga ekki úr framleiðni eða samkeppishæfni félagsins og þannig hefur tilfærslu starfsfólks og skipulagsbreytingum verið beitt að stórum hluta. Markmiðið er að við enda árs nemi fækkun stöðugilda um 30 sem er nálægt 10% fækkun frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að það sem upp á vantar náist í gegnum starfsmannaveltu það sem eftir lifir ársins. Áætlað er að fyrrnefndar hagræðingaraðgerðir félagsins skili um 80 - 100 m.kr. kostnaðarlækkun á árinu 2016. Áætlað er að áhrif hagræðingarverkefna félagsins verði meiri á árinu 2017 eða um 200 – 250 m.kr. samtals - studd af hagræðingaraðgerðum, áhrifum Sendafélagsins og nýs húsnæðis.

Á fjarskiptamarkaði hefur Vodafone sótt fram á ársfjórðungnum með nýjum farsímaleiðum á hagstæðum kjörum fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Auk þess kynntum við Vodafone ONE – nýja heildarfjarskiptalausn sem aðlöguð er að hverjum og einum þar sem viðskiptavinir njóta margvíslegs ávinnings af því að hafa viðskipti sín á einum stað. Þessar nýjungar hafa mælst sérlega vel fyrir og hafa styrkt félagið mjög í þeirri samkeppni sem ríkir á fjarskiptamarkaði.“

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2012



Rekstrarafkoma á 1. ársfjórðungi 2016:

Tekjur samstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi 2016 námu 3.295 m.kr. og hækkuðu um 1% frá sama tímabili 2015. Tekjur af interneti námu 914 m.kr. og jukust um 9% á milli fjórðunga á milli ára. Tekjur af sjónvarpi jukust einnig á fjórða ársfjórðungi, um 56 m.kr., og námu 479 m.kr. á tímabilinu, sem er 13% aukning á milli ára. Aðrar tekjur námu 186 m.kr. á ársfjórðungnum og jukust um 32% milli ára. Tekjur samstæðunnar af farsíma námu 1.085 m.kr. og lækkuðu um 3% í samanburði við sama ársfjórðung í fyrra. Á Íslandi jukust farsímatekjur félagsins um 22 m.kr. en í Færeyjum drógust þær saman um 57 m.kr., einkum vegna lækkunar verðs á þriðja fjórðungi síðasta árs auk gengisbreytinga. Vörusala á fjórðungnum nam 307 m.kr. sem er 44 m.kr. lægra en á sama tímabili 2015.

Framlegð fyrsta ársfjórðungs nam 1.541 m.kr., sem er hækkun um 30 m.kr. miðað við sama ársfjórðung 2015 eða 2%. Rekstrarkostnaður nam 1.217 m.kr. á ársfjórðungnum og jókst um 101 m.kr. eða 9% á milli ára. Þessa aukningu er einkum að rekja til hærri launakostnaðar vegna kjarasamninga en á fjórðungnum var ráðist í hagræðingaraðgerðir til að mæta hækkuninni sem leiða til einskiptisgjaldfærslu starfsmannakostnaðar. Auk þess var færð krafa á hendur leigusala vegna beins útlagðs kostnaðar í tengslum við galla á húsnæði og kostnað honum tengdum.

EBITDA hagnaður tímabilsins nam 668 m.kr. og EBITDA hlutfall tímabilsins var 20,3% sem er lækkun um 51 m.kr. frá sama fjórðungi 2015. Eins og áður sagði var unnið að hagræðingu á fyrsta fjórðungi þessa árs sem áætlað er að skili sér frá öðrum ársfjórðungi.

Hrein fjármagnsgjöld héldu áfram að lækka á ársfjórðungnum og námu 77 m.kr. sem er lækkun um 16% á milli ára.


Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 247 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2016 sem er 51 m.kr. lækkun frá sama tímabili 2015. Reiknaður tekjuskattur á ársfjórðungnum var 49 m.kr. Hagnaður fjórðungsins nam 198 m.kr.

Sjóðstreymi 1. ársfjórðungs 2016

Handbært fé frá rekstri á fyrsta fjórðungi ársins 2016 nam 573 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu 259 m.kr. á tímabilinu sem er lækkun um 16% miðað við sama tímabil 2015.

Fjármögnunarahreyfingar félagsins námu 174 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2016, sem er 27 m.kr. meira en á sama tímabili 2015. Viðbótarkaup félagsins á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun (sbr. tilkynningu dags. 17. febrúar 2016) námu 100 m.kr. á ársfjórðungnum og var áætluninni lokið í mars sl. (sbr. tilkynningu 17. mars 2016). Auk þess námu greiðslur af langtímalánum 74 m.kr. á tímabilinu. Sjá nánar um endurkaupaáætlunina á bls. 4. Handbært fé í lok fyrsta ársfjórðungs nam 559 m.kr.

Mynd 2: Sjóðstreymi á 1F 2016
Breytingar á tímabilinu



Útgreiðsla vegna lækkunar hlutfjár í félaginu, 2.500 m.kr., sem samþykkt var á aðalfundi þess 19. mars síðastliðinn, hefur ekki áhrif á sjóðstreymi á ársfjórðungnum.

Efnahagur 31. mars 2016:

Efnahagur Fjarskipta hf. var áfram sterkur í lok fyrsta fjórðungs ársins 2016. Eigið fé í lok tímabilsins var 6.673 m.kr. Eiginfjárhlutfall var 42,6%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 8.981 m.kr.. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 6.210 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,9. Veltufjárhlutfall var jafnframt 1,6. Áhrif af lækkun hlutfjár hefur verið færð undir *Eigið fé og langtímaskuldir*.

Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á tímabilinu:

- Á stjórnarfundum 17. febrúar 2016 var samþykkt ný endurkaupaáætlun á eigin bréfum félagsins. Samkvæmt áætluninni máttu endurkaup félagsins nema að hámarki 100 m.kr. að kaupverði á tímabilinu 18. febrúar til 17. mars 2016. Endurkaupin samkvæmt framangreindri endurkaupaáætlun námu 21.687.000 kr. að nafnverði og kaupverði 100 m.kr..
- Á aðalfundi félagsins þann 17. mars 2016 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrirfélagið. Stefnt er að því að greiða hluthöfum arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30 -60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Samþykkt var að lækka hlutfé félagsins um 90.951.640 kr. að nafnverði eða sem nemur 9.095.164 hlutum á grundvelli VIII kafla laga nr. 2/1995, um hlutfélag, til jöfnunar eigin hluta. Ennfremur var samþykkt að lækka hlutfé með greiðslu af eigin fé til hluthafa þess, að fjárhæð 2.500 m.kr. Lækkun nafnverðs nemur 545 m.kr. og lækkun yfirverðs nemur 1.955 m.kr. Framkvæmd lækkunar miðast við 20. apríl 2016. Stefnt er að greiðslu til hluthafa fyrir 29. apríl 2016 og er skuldbinding til hluthafa færð meðal langtímaskulda 31. mars 2016. Nafnverð hlutfjár félagsins stendur í 2.703 m.kr. eftir lækkunina.
- Á fyrsta fjórðungi ársins kynnti Vodafone til leiks nýja stefnu á sviði samfélagsábyrgðar. Stefnan er nú þegar farin að bera ávöxt í nýjum samfélagsverkefnum eins og Fjarskiptastoð Vodafone. Í henni felst að Vodafone mun úthluta allt að 100 fjarskiptatengingum á ári til verkefna sem stuðla að uppbyggingu í íslensku samfélagi, eins og nýrra fyrirtækja, nýsköpunar og annarra mikilvægra verkefna.
- Í samvinnu við Startup Iceland kynnti félagið einnig Stökkpallinn, nýja viðskiptaþróunarkeppni, til leiks á ársfjórðungnum, þar sem áhersla er lögð á að styðja frumkvöðla í að þróa vörur og koma þeim á markað.
- Í marsmánuði kynnti Vodafone nýja heildarlausn á markað, Vodafone ONE, sem býður hverjum viðskiptavini sérsníðna fjarskiptalausn að hans þörfum með auknum ávinningi við að hafa fleiri þjónustubætti hjá Vodafone.
- Aðalmeðferð fimm skaðabótamála sem einstaklingar höfðuðu á hendur félaginu vegna innbrots á „Mínar síður“ hefur farið fram og kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóma í þeim þann 26. apríl 2016. Niðurstaða héraðsdóms var sú Fjarskipti hf. var sýknað af kröfum tveggja stefnenda en var dæmt skylt til að greiða þremur þeirra skaðabætur, samtals að fjárhæð 2.700.000 kr., auk vaxta og málskostnaðar. Að öðru leyti vísast til kauphallartilkyrningar Fjarskipta hf., dags. 26. apríl 2016
- Staða annarra dómsmála sem áður hefur verið fjallað um er að mestu óbreytt, bæði þeirra sem fyrirtækið hefur haft frumkvæði að og þeirra sem beinast að félaginu. Að öðru leyti vísast til skýringar númer 6 í árshlutareikningi.



Horfur fyrir afkomu á árinu 2016

Áður uppgefnar horfur fyrir rekstrarárið 2016 eru óbreyttar:

- EBITDA hagnaður ársins 2016 verði á bilinu 3,2 til 3,4 milljarðar króna.
- Fjárfestingarhlutfall verði á bilinu 10,5% til 11,2%.

Kynningarfundur 28. apríl 2016:

Opinn kynningarfundur vegna uppgjörins verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2016 í höfuðstöðvum Vodafone að Skútuvogi 2. Fundurinn hefst kl. 8.30 en boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8.00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni <https://vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl/uppgjorskynning/>

Fjárhagsdagatal 2016:

- | | |
|---------------------------------|------------------|
| ✓ Uppgjör 2F 2016: | 22. ágúst 2016 |
| ✓ Uppgjör 3F 2016: | 26. október 2016 |
| ✓ Uppgjör 4F og ársuppgjör 2016 | 15. febrúar 2017 |

Frekari upplýsingar:

- ✓ Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, almanna- og fjárfestatengill, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@vodafone.is eða í síma 669-9151.